

GSM farsímakerfi - uppbygging og rekstur

Ríkiskaup, fyrir hönd Fjarskiptasjóðs, efna til forvals nr. 14248 til að velja þátttakendur í lokað útboð fyrir seinni áfanga GSM verkefnis.

Verkið felst í uppbyggingu og rekstri GSM farsímakerfis á:

- öllum stofnvegum sem verða án þjónustu að loknum fyrri áfanga
- ferðamannastöðum í nágrenni fyrrgreindra stofnvega
- nokkrum ferðamannastöðum í þjóðgörðunum Snæfellsjökli og Jökulsárgljúfrum

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í fyrirhuguðu útboði skulu senda inn þátttökutilkynningu til Ríkiskaupa ásamt umbeðnum upplýsingum fyrir kl. 11:00, fimmtudaginn 12. apríl 2007.

Forvalsgögn verða til sölu hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7, Reykjavík frá kl. 12:00 miðvikudaginn 14. mars næstkomandi. Verð forvalsgagna er 15.000 kr.

Helstu verkefni Fjarskiptasjóðs

- **Að bæta GSM þjónustu á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum og á helstu ferðamannastöðum**

Ríkiskaup auglýsa hér forval vegna seinni áfanga verkefnisins.

Í fyrri áfanga voru boðnir út vegkaflar á þjóðvegi 1 og fimm fjallvegum á stofnvegum. Að auki verður GSM samband á Barðaströnd bætt með sendi í Flatey á Breiðafirði. Samið var við Símann hf. um framkvæmd fyrri áfangans þann 12. janúar síðastliðinn og mun framkvæmdum við áfangann ljúka á árinu.

- **Að dreifing sjónvarps- og hljóðvarpsdagskrár RÚV verði stafræn um gervihnött**

Samið var við Telenor um þjónustuna þann 1. febrúar síðastliðinn og er stefnt að því að útsendingar hefjist um Thor 2 gervihnöttinn í byrjun apríl næstkomandi og eiga þá m.a. íbúar í hinum dreifðu byggðum og sjómenn að geta nýtt sér þjónustuna.

- **Að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðatengingu**

Unnið er að undirbúningi verkefnisins og stefnt er að útboði á fyrri hluta árs 2007.

Um Fjarskiptasjóð

Fjarskiptasjóður var stofnaður með lögum um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005. Hlutverk hans er meðal annars að styðja við uppbyggingu fjarskiptakerfa á svæðum þar sem fjarskiptafyrirtæki hafa ekki treyst sér í uppbyggingu á markaðslegum forsendum. Í sjóðnum eru til ráðstöfunar 2,5 milljarðar króna af söluandvirði Landssíma Íslands hf.

